

**1993 nr. 134 31. desember****Lög um iðnaðarmálagjald**

■ **1. gr.** Leggja skal 0,08% gjald, iðnaðarmálagjald, á allan iðnað í landinu eins og hann er skilgreindur í 2. gr. Skal gjaldstofn þess vera velta skv. 11. gr. laga um virðisaukaskatt að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti skv. 12. gr. þeirra laga.

□ ...<sup>1)</sup>

□ Um álagningu og innheimtu iðnaðarmálagjalds fer samkvæmt ákvæðum VIII.–XIV. kafla laga um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við á.

□ Í ríkissjóð skal renna 0,5% af innheimtu iðnaðarmálagjalds skv. 1. mgr. vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess.

□ Iðnaðarmálagjald má draga frá tekjum þess rekstrarárs þegar stofn til þess myndaðist.

<sup>1)</sup> L. 81/1996, 1. gr.

■ **2. gr.** [Til iðnaðar telst öll starfsemi sem fellur undir atvinnugreinanúmer sem upp eru talin í viðauka við lög þessi.<sup>1)</sup>

□ Undanþegin gjaldinu eru fyrirtæki sem að öllu leyti eru í eign opinberra aðila, svo og fyrirtæki sem stofnuð eru samkvæmt sérstökum lögum til að vera eign opinberra aðila að verulegu leyti nema annars sé getið í þeim lögum.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> Sjá Stjóð. A 1996, bls. 263–264. <sup>2)</sup> L. 81/1996, 2. gr.

■ **3. gr.** Tekjur af iðnaðarmálagjaldi renna til Samtaka iðnaðarins. Tekjunum skal varið til þess að vinna að eflingu iðnaðar og iðnþróunar í landinu. Þau skulu senda iðnaðarráðuneytinu árlega skýrslu um ráðstöfun andvirðis teknanna.

■ **4. gr.** Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .